



Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna í júní:

Fjórðungsaukning hjá veitingahúsum

Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna í júní jókst alls um 18,1% frá sama mánuði í fyrra og nam næstum 9,8 milljörðum kr. Erlendir ferðamenn vörðu mestu í gistingu, næstmestu í verslun og þar næst í ýmsa skipulagða ferðaþjónustu eins og skoðunarferðir og hvalaskoðun.

Veitingahús njóta góðs af auknum ferðamannastraumi til landsins því ferðamenn greiddu rúmlega 1,1 milljarð kr. með greiðslukortum fyrir veitingar í júní sem er um 24% aukning frá júní í fyrra. Þá greiddu erlendir ferðamenn næstum 1,8 milljarð. kr. með kortum sínum í verslunum hér á landi, sem var 13% hærrí upphæð en í júní í fyrra. Fjórðungsaukning var í erlendri kortaveltu í dagvöruverslunum og 17% aukning í Fríhöfninni, svo dæmi séu tekin.

Útlendingar greiddu í júní 21 millj. kr. með kortum fyrir ferjuflutninga sem er aukning um 156% frá síðasta ári. Líklega er þar um að ræða mikil aukning ferðamanna til Vestmannaeyja og um Breiðafjörð.

Kortavelta vegna gistingar á tjaldstæðum og öðrum gististöðum en hótélum og gistiheimilum, jókst um 119% í júní frá sama mánuði í fyrra. Erlend kortavelta á þessum gistisvæðum nam 9 milljónum í júní síðastliðnum sem er þó aðeins brot af greiðslum vegna hótélgistinga sem var um 2,5 milljarðar kr.

Kortavelta erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum í júní

	Júní 2012 millj. kr.	Júní 2013 millj. kr.	12 mán. breyting í %
Alls	8255,1	9750,4	18,1
1 Gistþjónusta	2124,1	2516,2	18,5
2 Veitingaþjónusta	923,9	1141,4	23,5
3 Farþegaflutningar	361,2	400,2	10,8
4 Ýmis ferðaþjónusta	1253,6	1496,5	19,4
5 Bensín, viðgerðir og viðhald bifreiða	522,3	607,2	16,3
6 Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	657,1	778,2	18,4
7 Menningar-, afþreyingar og tómstundastarfsemi	254,1	267,9	5,4
8 Ýmis önnur þjónusta	589,1	762,2	29,4
9 Verslun	1556,9	1763,6	13,3
10 Opinber gjöld o.fl.	12,8	17	33,1

Þess ber að geta að kortavelta útlendinga sem kaupa farmiða eða pakkaferðir til Íslands frá heimalandi sínu eru ekki innifaldar í þessum tölum nema kortaveltan fari í gegnum íslenska færsluhirða. Þannig eru erlendar greiðslur vegna flugferða hingað til lands og greiðslur til erlendra ferðaskrifstofa eða annarra milliliða ekki meðtaldar. Þá eru úttektir á reiðufé úr hraðbönkum ekki innifaldar í þessum tölum.

Íslendingar eyða minna í ferðapjónustu

Á meðan aukning er í erlendri greiðslukortaveltu verja Íslendingar minna til ferðapjónustu hér innanlands. Í júní var innlend kortavelta vegna ferðapjónustu 6,6% minni en í sama mánuði í fyrra. Kortavelta Íslendinga fyrir flugferðir í júní var 11,6% minni en í júní í fyrra. En kortavelta vegna gistiþjónustu jókst hins vegar um 8,4%. Það þarf þó ekki að vera vegna minni ferðalaga landsmanna því samkvæmt verðmælingu Hagstofunnar var verð á flugferðum til útlanda um 2% lægra í júní síðastliðnum miðað við júní í fyrra. Þessi lækkun kann að skýra þessa lækkun á útgjöldum landsmanna til ferðapjónustu.

Um kortaveltu ferðamanna

Rannsóknasetur verslunarinnar birtir mánaðarlega tölur um greiðslukortaveltu ferðamanna sundurliðaða eftir útgjaldaliðum. Gögnunum er enn fremur skipt eftir því hvort um er að ræða erlend eða innlend greiðslukort. Gögnin innihalda færslur bæði debet- og kreditkorta.

Birtar eru upphæðir í íslenskum krónum ásamt hlutfallsbreytingum frá fyrri mánuði og sama mánuði fyrra árs.

Gögnin eru fengin frá innlendum færsluhirðingaraðilum, sundurliðuð eftir svonefndum MCC kóðum. MCC kóðarnir eru aftur greindir í flokka eftir því hvernig þeir eru taldir tengjast mismunandi greinum ferðaiðnaðar. Gögnin lýsa kortaveltu eftir kauptímabilum en ekki eftir uppgjörstímabilum og er samtalan því eilítið frábrugðin þeim gögnum sem Seðlabankinn birtir.

Nánari upplýsingar veita Emil B. Karlsson (emil@bifrost.is, GSM 822 1203) og Pálmar Þorsteinsson (palmar@bifrost.is, GSM 868 8578)